

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 38

Dags. 22.11.2012

Skipulags- og umhverfisnefnd - 22.11.2012

38. fundur.

22. nóvember 2012 kl 11:00 -13:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Árni Pétur Hilmarsson

Þórunn Jónsdóttir

Hörður Þór Benónýsson

Guðrún Tryggvadóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulagsfulltrúi

(fundarritari)

1. Brekka, Aðaldal. Deiliskipulag ferðapjónustusvæðis og íbúðarbyggðar.

S20120801

Tekið fyrir að nýju erindi dags 20. ágúst 2012 frá Benedikt Björnssyni arkitekt, f.h. Reynis Baldurs Ingvasonar kt. 051155-2469, Brekku 641 Húsavík þar sem óskað er eftir því að tillaga að deiliskipulagi ferðapjónustusvæðis og íbúðarbyggðar í landi Brekku í Aðaldal verði tekin til meðferðar skv.1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagstillagan var kynnt á almennum kynningarfundum í Brekku, föstudaginn 14. september s.l. skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar var tillagan auglýst frá og með 5. október til og með 16. nóvember 2012. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt og skipulagsfulltrúa verði falið að annast málsmeðferð skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

2. Sandur 1 og 3 í Aðaldal. Skipting lóðar.

S20121101

Erindi dags 6. nóvember 2012 frá Guðmundi Heiðrekssyni, kt. 231049-4369, Lerkilundi 6, 600 Akureyri, þar sem hann sækir um skiptingu á sameiginlegri eignarlóð fyrir Sand 1 og Sand 3. Óskað er eftir stofnun sérstakrar lóðar um Sand 1 og skráningu íbúðarhússins á hina nýju lóð. Meðfylgjandi er lóðaruppdráttur og undirritað samkomulag lóðareigenda Sands 1 og Sands 3 frá 10. október 2012.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og byggingarfulltrúa verði falið að tilkynna breytta skráningu til Fasteignaskrár.

3. Landsskipulag. Athugasemdir við auglýsta tillögu.

S20121102

Í samræmi við 6. mgr. 11. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006 hefur Skipulagsstofnun auglýst tillögu að landsskipulagsstefnu 2013-2024 ásamt umhverfisskýrslu.

- Landsskipulagsstefna 2013-2024 - Tillaga til auglýsingar
- Umhverfisskýrsla með tillögu að landsskipulagsstefnu

Tillagan verður lögð fyrir Alþingi til þingsályktunar en hún varðar:

- a) Skipulagsmál á miðhálandi Íslands
- b) Búsetumynstur og dreifingu byggðar
- c) Skipulag á haf- og strandsvæðum.

Lagt fram minnisblað frá skipulagsmálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga, umsögn um drög að landsskipulagsstefnu dags 12. nóvember 2012.

Skipulags- og umhverfinesnefndar tekur í meginatriðum undir umsögn skipulagsmálanefndar sambands íslenskra sveitarfélaga við drög að tillögu að landsskipulagi.

4. Stafnsjarðir. Landskipti.

S20121103

Erindi dags 14. nóvember 2012 frá eigendum stafnsjarða, Stafns 1, Stafns 2, Stafns 3, Valla, Vallholts og Fellshlíðar þar sem þeir óska eftir umsögn sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar um fyrirhuguð skipti á óskiptu landi framantaldra jarða. Eftirtalin gögn fylgja með umsókn: Afstöðumyndir dags. 12. nóvember 2012, landskiptalýsingu dags. 14. nóvember 2012 og undirritað samþykki allra þinglýstra landeigenda viðkomandi jarða.

Skipulags- og umhverfinesnefnd leggur til við sveitarstjórn að framangreind landskipti verði samþykkt og byggingarfulltrúa verði falið að tilkynna breytta skráningu til Fasteignaskrár.

5. Stóru-Laugar Reykjadal. Ný veitinga- og gístiaðstaða, fyrirspurn um málsmeðferð.

S20121104

Erindi, ódagsett, frá Elínu Björk Einarsdóttur f.h. Stórulauga ehf, kt. 600201-2630 þar sem hún óskar eftir að fá að byggja ca. 220 m² veitingaaðstöðu með gistingu í tengslum við ferðapjónustuna á Stóru-Laugum. Spurst er fyrir um málsmeðferð og óskað er eftir undanþágu frá fjarlægð byggingar frá vegi sem skv. skipulagsreglugerð skal vera 50 m en er 40 m á meðfylgjandi afstöðumynd dags. 16. nóvember 2012 frá Búgarði (GHG)

Afgreiðslu frestað. Skipulags og umhverfinesnefnd felur skipulagsfulltrúa að ræða við umsækjanda vegna stærðar á ferðapjónustusvæði eins og hún er skilgreind í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022.

6. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Umsögn.

S20121105

Erindi dags 29. október frá Skútustaðahreppi þar sem vakin er athygli á því að tillaga að Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 er nú í auglýsingu. Umsagnaraðilum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til og með 7. desember 2012.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna að öðru leyti en því að benda á að sveitarfélagamörk Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps í Gjástykki við Gæsafjöll eru í dómsmeðferð.

7. Brún Reykjadal. Bílageymsla.

S20121106

Erindi dags 20. nóvember 2012 frá Erlingi Teitssyni og Sigurlaugu Svavarsdóttur, Brún Reykjadal þar sem þau sækja um heimild til að byggja tvöfalda bílageymslu með geymsluplássi við norðurhlíð íbúðarhússins á Brún skv. meðfylgjandi tillöguteikningum frá Arkitektúr og ráðgjöf ehf. (Bjarna Reykjalín, arkitekt.)

Skipulagsfulltrúi vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði grenndarkynnt skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Fundi slitið